

14. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2017-2018

Þriðjudaginn 10. apríl 2018 kl. 18.00 var haldinn 14. fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn að skrifstofu félagsins að Síðumúla.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritari, Daníel Örn Hinriksson varaformaður, Pétur Alan Guðmundsson gjaldkeri, Þorsteinn Thorsteinson meðstjórnandi, Guðbjörg Guðmundsdóttir og Viktoría Jensdóttir varamenn.

Guðný Rut Isaksen verkefnastjóri var á fundinum.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritaði fundinn.

1. Erindi sem samþykkt voru á milli funda

Umsókn Kristjönu Bergsveins um réttindi til að verða sporahundadómari I og II

Kallað var eftir álit frá stjórn Vinnuhundadeildar sem mælti með að erindi Kristjönu yrði samþykkt. Stjórn samþykkir erindi Kristjönu og óskar henni alls hins besta í störfum sínum.

Umsókn Vinnuhundadeildar HRFÍ um sporapróf

Samþykkt.

Erindi frá Fuglahundadeild um meginlandshundapróf

Stjórn getur ekki samþykkt erindið þar sem Fuglahundadeild vill að gefnar verði einkunnir í prófinu sem færðar eru inn í gagnagrunn.

Innan HRFÍ er eitt regluverk um veiðipróf innan tegundahóps 7. Því er ekki gerður greinarmunur á meginlandshundum eða eyjahundum, heldur gilda sömu veiðiprófsreglur fyrir allar tegundir í TH7.

Innan tegundahóps 7 eru fjórar ræktunardeildir, ein safndeild og þrjár sérdeildir. Engu að síður eiga allar deildirnar sinn fulltrúann hver í endurskoðun veiðiprófsreglna innan tegundahóps 7. Tilkoma meginlandshundaprófa fela í sér breytingar á veiðiprófsreglum TH7 og þarf við slíkar breytingar að fylgja reglum sem gilda þar um. Breytir ekki í því sambandi hvort vilji sé til að kljúfa veiðiprófsreglurnar í tvennt, þannig að sérstakt regluverk verði gert

um meginlandshundapróf. Enda þarf alltaf að hafa þar ákveðið samræmi á milli þessara regluverka. Fylgja þarf verkferli sem sagt er frá í 12. gr. veiðiprófsreglna TH7, en þar segir:

„12. Breytingar á veiðiprófsreglum fyrir tegundahóp 7. Heildarendurskoðun veiðiprófsreglna skal fara fram á 5 ára fresti að frumkvæði deilda í tegundarhópi 7. Starfandi deildir í tegundahóp 7 skulu tilnefna 1 fulltrúa hver í endurskoðunarnefnd og skal nefndin fara yfir innkomnar athugasemdir við gildandi reglur, taka afstöðu til þeirra, kynna breytingar, kalla eftir athugasemdum frá félagsmönnum, stjórnnum deildanna og dómarráði áður en hún skilar fullmótuðum tillögum til stjórnar HRFÍ til samþykktar. Reglurnar eru þó alltaf opnar fyrir minniháttar breytingum á milli heildarendurskoðana ef brýn nauðsyn er á. Stjórnir deildanna skulu þá koma saman og ræða slíkt og leggja fyrir HRFÍ til samþykkis ef breytinga er þörf. Einhugur allra stjórna í tegundhópi 7 þarf að ríkja um slíkar breytingar.“

Séu allar deildirnar innan TH7 hins vegar sammála því að þessi tegund prófa sé eingöngu málefni Fuglahundadeildar vegna þess að það sé eina safndeildin þá þurfa skilaboð þess efnis að koma beint frá stjórnnum allra þessara deilda og það er þá væntanlega verkefni stjórnar Fuglahundadeildar í beinu framhaldi að leggja til íslenskar reglur um meginlandspróf sem færu þá í umsagnarferli innan félagsins okkar samkvæmt venjum. Ekki er hægt að fallast á að sænskar reglur né FCI reglur gildi hér beint til einkunna. Sú afstaða er óbreytt frá því í fyrra, enda var meginlandsprófið í fyrra opið próf.

Símafundur um húsnæðismál félagsins

Félaginu barst tilboð í fasteignina. Nánar tiltekið fól tilboðið í sér tilboð í fasteign félagsins en ekki eignarhaldsfélagið. Tilboðsverð var 46 milljónir og skilyrt um að samningar tækjust um áframhaldandi leigu félagsins í húsnæðinu. Hugmyndir um leiguverð voru nokkuð hærri en kostnaður félagsins er af húsnæðinu í dag. Pétur hafði fengið álit annarra fasteignasala og var það mat þeirra að tilboðið væri allt of lágt. Var tekin ákvörðun um að kanna áhuga markaðarins á fasteigninni og setja eignina á sölu og miða ásett verð við ráðgjöf fasteignasalanna, 58 milljónir. Þá var tekin ákvörðun um að hraða vinnu við þarfagreiningu. Senda erindi líkt því sem sent hafði verið til Reykjavíkurborgar til annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og eins að hafa samband við stærstu fasteignasölur á höfuðborgarsvæðinu og biðja þær um að hafa augu opin fyrir álitlegu húsnæði.

2. Ársuppgjör félagsins

Guðný kynnti ársuppgjör félagsins fyrir stjórn en hún hefur unnið að því með bókara

félagsins. Afkoma ársins 2017 er mun betri en afkoman var árið 2016. Uppgjörið er farið til endurskoðanda félagsins.

Fundi slitið kl. 20.00.